

# Landskjörstjórn

---

Reykjavík, 20. mars 2018

Fr. Sigríður Á Andersen,  
dómsmálaráðherra.

## Efni: Endurskoðun kosningalaga.

Landskjörstjórn hefur að afloknum alþingiskosningum allt frá kosningum 2009 vakið athygli forseta Alþingis, ráðherra og formanna þingflokkja á þörf almennrar endurskoðunar laga um kosningar til Alþingis.

Á fundi sínum 9. mars sl. tók landskjörstjórn til umfjöllunar skýrslu ÖSE frá 2. mars 2018, um framkvæmd Alþingiskosninganna 28. október 2017. Í tillögum ÖSE er vikið að atriðum sem lúta að mikilvægi þess að samræma undirbúning og framkvæmd kosninga og að íhuga skuli að fela sjálfstæðri stofnun slikt hlutverk. Einnig er vikið að atriðum sem lúta að skipulagi og framkvæmd atkvæðagreiðslu utan kjörfundar, framboðum stjórnmálasamtaka og upphafi atkvæðagreiðslu utan kjörfundar, sem hefst áður en ljóst er hvaða listar verða í framboði.

Á fundinum samþykkti landskjörstjórn að beina því til forseta Alþingis og dómsmálaráðherra að brýnt sé að ljúka sem fyrst endurskoðun gildandi kosningalaga og að þar mæti m.a. líta til þeirrar vinnu sem þegar hefur farið fram, sbr. skýrslu og frumvarpsdrög vinnuhóps um endurskoðun kosningalaga (2016), reynsluna af framkvæmd alþingiskosninganna 2016 og 2017 og nefndar tillögur ÖSE.

Landskjörstjórn óskar sérstaklega eftir því að verða upplýst um það hvenær vænta megi ákvörðunar um áframhaldandi vinnu við endurskoðun laga um kosningar til Alþingis.

fh. landskjörstjórnar,

Kristín Edwald  
Kristín Edwald.

Samrit sent forseta Alþingis.  
Ljósrit til formanna þingflokkka.